



Félagsstofnun
stúdenta

Háskólatorgi
Sæmundargötu 4
101 Reykjavík

Sími 570 0700
Fax 570 0709

www.fs.is

Dagur B. Eggertsson
Borgarstjóri Reykjavíkur
Ráðhúsi Reykjavíkur

Reykjavík 24. ágúst 2016

Varðar: Lóð undir stúdentaíbúðir í Skerjafirði

Í viljayfirlýsingu sem undirrituð var í desember 2014 af borgarstjóra Reykjavíkur, rektor Háskóla Íslands og framkvæmdastjóra FS, kom fram vilji Reykjavíkurborgar til úthlutunar lóða með byggingarrétt fyrir 250 íbúðir á vegum FS á þéttingarreitum nálægt miðborg / HÍ.

FS hefur lýst yfir áhuga á þátttöku í Reykjavíkurhúsum við Vesturbugt og uppbyggingu á Kennaraháskólareit, og ítrekar hann nú.

Í framhaldi af fréttum af kaupum Reykjavíkurborgar á landi í Skerjafirði vill FS koma á framfæri miklum áhuga á aðkomu að svæðinu. Teljum við staðsetninguna afar góða fyrir stúdenta og stúdentaíbúðir einnig góðan kost fyrir svæðið.

Er það eindregin ósk okkar að vel verði tekið í beiðni okkar um aðkomu að skipulagi og útfærslu svæðisins á frumstigi, með það að markmiði að útkoman verði sem best fyrir alla.

Virðingarfyllt

Guðrún Björnsdóttir

Framkvæmdastóri FS